

Skýrsla vegna þróunarverkefnis í Snælandsskóla

„Sýnileg markmið sem kennsluaðferð“



Kópavogur 2015

Samningur nr. 87

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Markmið .....	3
Verkaskipting.....	4
Framkvæmd verkefnisins .....	5
Frávik og hindranir.....	8
Helsti ávinningur.....	8
Kynning verkefnisins.....	9
Niðurstöður/samantekt.....	9

## Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir þróunarverkefni um námsmat sem unnið var af kennurum Snælandsskóla skólaárin 2013-2014 og 2014-2015. Verkefnið, sem gefið var nafnið *Sýnileg markmið sem kennsluaðferð* hlaut styrki úr Sprotasjóði. Það hefur vaxið frá sýnilegum markmiðum leiðsagnarmats aðalnámskrár yfir í innleiðingu eftirfarandi þátta í nýrri aðalnámskrá grunnskóla: leiðsagnarmats, lykilhæfni og hæfniviðmiða. Verkefnistjórn var í höndum Soffíu H. Weisshappel.

## Markmið

Yfirmarkmið verkefnisins var að vinna að áframhaldandi þróun námsmats í Snælandsskóla og tengja það betur áherslum nýrrar aðalnámskrár. Undirmarkmið var að meta núverandi stöðu námsmats innan skólans með tilliti til nýrrar aðalnámskrár. Einnig að kennarar innan skólans fengju tækifæri til að kynna sér og þjálfast í nýjum vinnubrögðum, m.a. þar sem námsmat er hugsað sem kennsluaðferð. Vinna með sýnileg námsmarkmið og tengja þau símati, hæfniviðmiðum, leiðsagnarmati og einstaklingsbundinni námsframvindu. Í aðalnámskrá grunnskóla (2011) segir: „*Kennarar þurfa að hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skal stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.*“ (bls. 28)

Áhersla var lögð á eftirfarandi þætti:

- að auka sýnileika námsmarkmiða
- að nemendum yrði ljósara hvaða viðmið væru lögð til grundvallar náminu
- að kenna nemendum markmiðasetningu
- að kennarar fengju tækifæri til að efla enn betur sterkar hliðar sínar og kosti
- að skoða tengsl milli markmiða, viðmiða og námsmats, hvað væri góður árangur og lægi það ljóst fyrir öllum

Leiðir sem valdar voru til að markmið námsins yrðu sýnilegri voru t.d. að gera þau sýnileg í kennslustofunni, auka upplýsingaflæði í gegnum Mentor og Moodle og prófa sig áfram með vendikennslu.

## **Verkaskipting**

Stjórnun verkefnisins var í höndum 5 manna stýriteymis. Hver starfsmaður var ábyrgur fyrir eigin starfendarannsókn og markmiðasetningu. Stýrihópur hélt utan um vinnuhópa og umræður í þeim ásamt skipulagi, framkvæmd, úrsvinnslu, kynningum, skýrslugerð og fleira. Yfirumsjón með verkefninu var í höndum Soffíu H. Weisshappel verkefnisstjóra og stýrihópsins.

## Framkvæmd verkefnisins

Fyrst verða kynntar þær áætlanir sem gerðar voru fyrir verkefnið þau tvö skólaár sem vinnan stóð yfir og síðan farið yfir hversu vel tókst að fylgja þeim.

### A. Framkvæmdaáætlun ársins 2013 – 2014

Tímabil	Áætlun - lýsing
Ágúst 2013	Fyrirlestur fyrir alla kennara á skipulagsdögum frá Hafþóri Guðjóns- syni um starfendarannsóknir.
September	Erna Ingibjörg Pálsdóttir, aðstoðarskólastjóri Álftanesskóla, hélt fyrirlestur um starfendarannsóknir/námsmat fyrir kennara. Kennurum var skipt í fjóra hópa þar sem sýnileg námsmarkmið og nálgun við þau voru rædd.
Október	Hafþór Guðjónsson hitti sex manna stýrihóp þessa verkefnis hér í skólanum. Fundir í vinnuhópum.
Nóvember	Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir og Sigríður Erna Þorgeirsdóttir, kennarar í Laugarnesskóla, héldu fyrirlestur fyrir starfsfólk Snælandsskóla um sýnileg námsmarkmið og leiðsagnarmat. Farið var í skólaheimsóknir bæði í Álftanes- og í Laugarnesskóla. Fundir í vinnuhópum.
Febrúar 2014	Fundir í vinnuhópum.
Mars	Fundur stýrihóps og skólastjóra. Fundir í vinnuhópum.
Mars	Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, með fyrirlestur um hæfniviðmið og lykilhæfni.
Apríl	Fundir í vinnuhópum.
Maí	Fundir í teymishópi og skýrslugerð.
Júní	Áfangaskýrsla í þróunarverkefninu kynnt öllum kennurum skólans á sameiginlegum fundi.

## B. Framkvæmdaáætlun ársins 2014 – 2015

Tímabil	Áætlun - lýsing
Ágúst 2014	Upprifjun og námskeið: Sigurður Haukur Gíslason og Ragnheiður Guðmundsdóttir sjá um kennslu á náms- og kennslukerfi Moodle fyrir kennara.
Ágúst	Skipulögð kennsla – fyrir kennara á yngsta stigi. Sigrún Hjartardóttir frá Greiningarstöð sér um þetta.
September	Hafþór Guðjónsson heldur fyrirlestur um aðferðir starfendarrannsókna varðandi paravinnu.  Paravinna kennara hefst.
Október	Fundur í vinnuhópum þar sem farið er yfir fyrsta áfanga paravinnu.  Stýrihópur.
Nóvember	Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, heldur fyrirlestur um mat og framsetningu á lykilhæfni.
Nóvember	Skipulagsdagur nýttur til skólaheimsókna í skóla á Reykjanesi með áherslu á að sýnileg markmið og vendikennslu.
Nóvember	Hópavinna og umræður úr skólaheimsókn.  Stýrihópur.
Janúar 2015	Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, heldur fyrirlestur um matskvarða vegna námsmats. Hópastarf kennara varðandi matskvarða á skipulagsdegi.  Stýrihópur og verkefnisstjóri.
Febrúar	Kennarafundur og frásagnir frá sýnilegum markmiðum.  Stýrihópur.
Mars	Framhald af hópastarfi kennarar um matskvarða á skipulagsdegi.  Parvinna kennara hefst – verkefni 2.  Stýrihópur og verkefnisstjóri.

Skólaárið 2013 – 2014 gekk nokkuð vel að halda áætlun. Eins og gengur og gerist voru kennara misvirkir og reyndist sjálfskoðun mörgum erfið í upphafi. Afleiðingarnar voru þær að verkefnið fór hægar af stað en reiknað var með. Verkefnið hófst á einstaklingsvinnu þar sem hver og einn kennari fékk dagbók til að skrá hugleiðingar sínar og framkvæmd sýnilegra markmiða í eigin kennslu. Í tengslum við það var kennurum skipt upp í hópa sem hittust reglulega til að ræða eigin vinnu og upplifun. Umræður voru mikilvægur þáttur hópunnar þar sem kennarar ýmist ráðfærðu sig við aðra eða leiðbeindu eftir þörfum. Í lok vetrar átti hver og einn kennari að skila stuttri samantekt um vinnuna með sýnileg markmið.

Í byrjun skólaárs 2014 – 2015 óskaði skólastjóri eftir því að tengja verkefnið innleiðingu námsþátta nýrrar aðalnámskrár. Það varð til þess að erfiðara reyndist að halda athygli við upphaflega þætti verkefnisins og það þandist út. Haustið byrjaði á paravinnu þar sem kennarar heimsóttu hver annan og fylgdust með kennslustund með sýnileg markmið í huga. Sá sem fylgdist með kennslunni var með tilbúinn gátlista sem auðvelt var að fylla út. Kennarinn sem heimsóttur var fékk listann og gat nýtt sér hann að vild. Í framhaldinu fléttaðist innleiðing nýrrar aðalnámskrár inn í verkefnið og þar með þurfti einnig að vinna með hæfniviðmið í lykilhæfni og öðrum námssviðum. Þessa vinnu unnu kennarar í hópum eftir stigum og námssviðum. Þeirri vinnu verður framhaldið skólaárið 2015-2016.

### **Leiðsagnarmat og sýnileg markmið**

Kennarar hlustuðu á fyrirlestra frá öðru fagfólki sem hafði þegar innleitt sýnileg markmið í sínum skólum. Einnig var farið í skólaheimsóknir þar sem sýnileg markmið voru komin til framkvæmdar. Eftir heimsóknirnar var unnið að því að gera markmið kennslu og náms sýnilegri í skólanum. Kennarar unnu saman í pörum þar sem þeir heimsóttu hvor annan og fylgdust með kennslustundum.

### **Lykilhæfni**

Fundur með kennurum skólans þar sem Vigfús Hallgrímsson kynnti okkur þá vinnu sem þar hefur farið fram varðandi framsetningu og mat á lykilhæfni í Hafnarfirði. Einnig var farið í skólaheimsókn í Akurskóla þar sem kennarar fengu kynningu á hvernig Akurskóli hefur ákveðið að framkvæma námsmat í lykilhæfni. Síðar var kennurum skólans skipt upp í hópa til að vinna með lykilhæfni hvers árgangs: matsaðferðir, matsverkfæri og hæfniviðmið.

## **Hæfniviðmið**

Vigfús kom aftur á kennarafund og var með fyrirlestur um matskvarða vegna námsmats. Kennurum var skipt í hópa eftir námssviðum. Hver hópur vann með hæfniviðmið, matsaðferðir og matsverkfæri hvers árgangs fyrir sig. Hóparnir tóku hæfniviðmið nýrrar aðalnámsskrár og báru saman við eldri námsvísa skólans fyrir hvern árgang með það að markmiði að semja nýja skólanámsskrá. Sömu vinnubrögð voru viðhöfð varðandi matsaðferðir og matsverkfæri.

## **Frávik og hindranir**

Nokkur breyting varð á framkvæmdaráætlun sem ekki var hægt að sjá fyrir. Eitt af því snéri að fyrirlesurum. Ástæðan var einkum sú að ekki áttu þeir fyrirlesarar sem gert hafði verið ráð fyrir heimangengt á þeim tímum sem fyrirhugaðir voru. Verkefnið varð töluvert viðameira en gert var ráð fyrir í upphafi og því þurfti að gera talsverðar breytingar á vinnulagi. Langan tíma tók fyrir kennara og stjórnendur að ná yfirsýn og fá skilning á nýjum hugtökum varðandi námsmat í aðalnámsskrá. Aðstæður kennara voru misjafnar hvað varðaði nemendahópa og kennsluáðstöðu og því var það mörgum áskorun að finna leiðir til að gera markmið sýnileg. Vendikennslan fór hægar af stað en gert var ráð fyrir, fyrst og fremst vegna þess að undirbúningurinn var ekki nægilegur hvað varðar tæknimál og þjálfun fyrir kennara.

Upphaflega var farið af stað með sýnileg markmið og hvernig þau tengjast leiðsagnarmati. Þar sem fyrir lá að innleiða nýja aðalnámsskrá óskaði skólastjóri eftir því að tengja þróunarverkefnið þeirri innleiðingu. Þar með óx verkefnið verulega og tímamörk féllu því um sjálf sig. Á tímum kjaradeilna og mikilla breytinga á skólastarfi reyndist erfitt að virkja kennara í svo stórt og viðamikilt verkefni sem óx dag frá degi. Allir tóku þátt í vinnunni þó framlag hvers og eins hafi verið misjafnt.

## **Helsti ávinningur**

Vinnan hefur vakið kennara skólans enn og aftur til umhugsunar um það hversu flókið námsmat er og hefur eftt umræðu um námsmat sem eykur líkur á áreiðanlegu, réttlátu og sanngjörnu námsmati fyrir nemendur. Kennarar eru meðvitaðri um nauðsyn þess að námsmat sé fjölbreytt. Skilningur á hugtökum aðalnámsskrárinnar hefur aukist og ætti að geta stuðlað að samfellu og samhæfingu í skólastarfi. Um leið og verkefnið óx mjög í



tengslum við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár gaf það betri heildarsýn á námsmatsþáttinn leiðsagnarmat, hæfniviðmið í öllum námssviðunum og námssviðið lykilhæfni.

Að einhverju leyti hafa markmið orðið sýnilegri og skólinn er kominn vel af stað í vinnu nýrrar skólanámskrár.

## **Kynning verkefnsins**

Reglulegar kynningar hafa farið fram á verkefninu innan skólans. Á síðasta kennarafundi vetrarins var alsherjar kynning samhliða því að lokaskýrslan var kynnt og birt kennurum og send Sprotasjóði. Einnig var farið yfir afrakstur verkefnisins í heild, ávinnings þess og hvernig er hægt að vinna með það áfram í skólastarfinu. Að lokum var skýrsla prentuð út og liggur frammi til aflestrar. Frekari kynning er í höndum skólastjóra.

## **Niðurstöður/samantekt**

Innleiðing sýnilegra markmiða í námi í Snælandsskóla sem liður í leiðsagnarmati hefur gengið vel hjá flestum. Ákveðið hefur verið að þau verði hluti af námsumhverfi Snælandsskóla. Birting markmiðanna er með fjölbreyttum hætti og ólík eftir námssviðum og aldri nemenda. Sem dæmi má nefna íslenskukennslu á yngsta stigi. Markmiðin voru sýnileg á veggjum í kennslustofum. Nemendur nýttu sér það til að festa reglur í minni og rifja upp. Á miðstigi reyndist vel að hafa stærðfræðihugtök og form sýnileg í stofunni. Það gerði nemendur sjálfstæðari í námi og samvinna nemenda jókst. Hjá elstu nemendum skólans mátti sjá aukna námsvitund og sjálfskilning. Þeir höfðu greiðann aðgang að markmiðum, leiðum og tilgangi námsins t.d. á veggjum skólastofunnar og á tölvutæku formi sem auðvelt var að nálgast. Haldið verður áfram að auka og bæta sýnileikann á öllum stigum og námssviðum. Innleiðing á spjaldtölvum sem hafin er í Kópavogi kemur að góðum notum t.d. með vendikennslu, myndböndum og gögnum sem nemendur geta leitað í eins oft og þeim hentar. Trú nemenda á eigin getu jókst og þá sérstaklega hjá getuminni nemendum. Þegar þeim var ljóst til hvers var ætlast og hvert stefndi eflað námsvitund og nemendur urðu meðvitaðri um áhrif sín á námsframvinduna. Nemendur eru enn að tileinka sér kosti þess að hafa markmið sýnilegri en áður og því ekki raunhæft að mæla áhrif verkefnisins á námsárangur nemenda.

Það er mat stýrihópsins að sú vinna sem fram hefur farið sé góður grunnur til að byggja á bæði varðandi vinnuna við sýnileg markmið og og endurskoðun skólanámskrárinnar út frá nýrri aðalnámskrá grunnskóla. Ljóst er að ný skólanámskrá verður ekki tilbúin til birtingar á

Þessu hausti. Í vetur munu kennarar einnig þurfa að endurskoða og þróa námsmatstæki og aðferðir og aðlaga að nýrri námsskrá. Sýnileg markmið verða stór hluti af þeirri vinnu og því er ljóst að vinnan við þróunarverkefnið kemur til með að hafa áhrif á komandi skólastarf.